

Fundargerð 88. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 17. október kl. 10:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Ása Valdís Árnadóttir, Guðmundur Haukur Jakobsson, Ísleifur Jónasson, Jónína Brynjólfsdóttir, Knútur Emil Jónasson, Guðný Birna Guðmundsdóttir og Kjartan Benediktsson.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun vegna vindorku og verndarflokks áætlunarinnar - 2510001SO**

Lagt fram til kynningar umsögn um áform um breytingu á lögum nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun vegna vindorku og verndarflokks áætlunarinnar.

Lagt fram til kynningar.

2. **Þingmálaskrá 157. löggjafarþings - 2509006SO**

Ríkisstjórnin hefur lagt fram í upphafi vetrarþings yfirlit yfir þau mál sem ríkisstjórn hyggst leggja fram á þinginu ásamt áætlun um hvenær þeim verður útbýtt, þingmálaskrá 157. löggjafarþings.

Lögð fram samantekt úr þingmálaskránni yfir þau mál sem líkleg eru til að snerta Samtök orkusveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

Fundi var slitið kl. 11:00